

Árin renna frá þér eins og brauðmylsnum er hent í ruslatunnu
Þau safnast saman á haugum brostinna drauma
Þú lítur til baka og hugsar
Afhverju seldi ég mig
Afhverju seldi ég mig
Ekki fyrir meira?

Nætturnar verða ekki mikið fleiri eftir þetta
Ævi þín er útbrunninn stubbur í hringiðandi öskubakka
Þú lítur til baka og hugsar
Afhverju seldi ég mig
Afhverju seldi ég mig

Öskunni er stráð yfir kistuna og um leið man enginn hver þú var
st
Ekkert fyrirfinnst jafn ómerkilegt og ævin sem var við að ljúka
Þú stóðst ekki fastar á þínu en svo
Að enginn kærir sig um minningu þína
Við tekur hyldýpi svartnættis og eilíf eynd í botnlausri algleymsku

Ég fel mig undir laki
Sem kuldinn hefur þakið
Nóttin starir þögul
Hún segir lygasögur
Tómið svífur að mér
Berleggjaður berst ég
Banasæng ég bý mér
Banasæng ég bý mér

Árin runnu frá þér eins og brauðmylsnum var stráð í ruslatunnu
Þau söfnuðust saman á haugum brostinna drauma
Hversu oft var það sem þú leist til baka og hugsaðir
Afhverju seldi ég mig
Afhverju seldi ég mig
Ekki fyrir meira?